

003/00 - BV. Venus HF-519

Venus HF-519, skipverji slasast þegar grjóthoppari slæst til við hífingu

BV. Venus HF-519

Skipaskr.nr.: 1308

Smíðaður: á Spáni 1973 úr stáli

Stærð: 1.156,11 brl; 1.779,00 bt

Lengd: 77,53 m **Breidd:** 11,60 m **Dýpt:** 7,50 m

Vél: MAK 2.355,00 kW **Ágerð:** 1979

Annað:

Földi skipverja: 28



Venus ©Hafþór Hreiðarsson

Atvikalýsing

Hinn 23. nóvember 1999 var bv. Venus HF-519 að veiðum í Þverál. Veður: norðnorðaustan 8-10 vindstig, mikill sjór.

Skipverjar voru að hífa inn stjórnborðsvörpuna (veiðarfærið í stjórnborðshluta veiðarfærarenunnar) og var grjóthopparalengjan að koma inn í veiðarfærarenunnuna. Í einni veltunni til bakborða fór stjórnborðshluti lengjunnar yfir í rennuna fyrir bakborðshluta lengjunnar. Skipverjar þurftu að hífa í lengjuna svo að hægt væri að koma henni í rétta rennu.. Skipverjinn, sem séð hafði um að húkka gilsinum í lengjuna svo að hægt væri að lyfta henni upp, fór úr rennunni yfir til stjórnborða og þar í skot sem myndast af þilfarshúsi og bás fyrir toghlera sem afmarkaður er með járngrind. Hann taldi sig vera þar í skjóli.

Þegar lengjunni var lyft upp valt skipið til stjórnborða og við það slóst lengjan til með veltunni. Einn bobbingur í lengjunni lenti á skipverjanum svo að hann slasaðist.

Skipverjinn hélt áfram vinnu með félögum sínum við að ganga frá veiðarfærinu og þegar því var lokið tilkynnti hann skipstjóra um atvikið og var frá vinnu eftir það. Var hann settur í land á Ísafirði daginn eftir.

Nefndarálit

Nefndin telur að þar sem maðurinn leitaði skjóls hafi ekki verið það skjól sem talið var.